

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðla

Junah Chung
lágfiðla

Sigurður Halldórsson
selló

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 1. september 1998 kl. 20:30

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Björns Ólafssonar konsertmeistara. Hún stundaði framhaldsnám við háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff. Hlíf starfaði í kammerhljómsveitum í Pýskalandi og Sviss uns hún sneri heim til Íslands. Auk þess að hafa kennt við ýmsa tónlistarskóla hefur Hlíf haldið sjálfstæða tónleika og tekið þátt í margs konar tónlistarflutningi héraendis og erlendis. Hlíf er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Junah Chung lágfiðluleikari lauk mastersgráðu frá Juilliardskólanum í New York þar sem aðalkennarar hans voru Lillian Fuchs og William Lincer. Junah hefur komið víða fram sem einleikari og í kammermúsík m.a. með Sinfóníuhljómsveit Seoul í Carnegie Hall í New York, á kammermúsíkhátíð Rhode Island, á tónlistarhátíðunum við Winnepesaukee vatn og í Bowdoin. Framundan eru tónleikar með kammersveit Winnepesaukee í New York og á Jómfrúareyjum í Karabíska hafinu og með Tríó Reykjavíkur í Hafnarborg.

Sigurður Halldórsson nam sellóleik í Reykjavík og London. Frá árinu 1990 hefur hann starfað sem sellóleikari og kennari hér heima. Hann hefur verið fastur sellóleikari með Caput hópnnum frá upphafi og leikur einnig með Camerartica og syngur með Voces Thules. Hann hefur, ásamt Daníel Þorsteinssyni píanóleikara, flutt m.a. öll verk Beethovens fyrir selló og píanó og nýlega gefið út hljómdisk með tónlist frá 20. öldinni. Á þessu ári hefur hann leikið einleik bæði með Sinfóníuhljómsveit Áhugamanna og Bachsveitinni í Skálholti.

Efnisskrá

Franz Joseph Haydn (1732 - 1809)	Strengjatrío op. 53 Allegretto ed innocente Presto
Bohuslav Martinů (1890 - 1959)	Þrjár Madrigalar Poco allegro Poco andante Allegro
Ludwig van Beethoven (1770 - 1827)	Strengjatrío í G-dúr op. 9, nr. 1 Adagio - Allegro con brio Adagio, ma non tanto, e cantabile Scherzo Presto